

Kópavogi, 28. nóvember 2022
22114902/033.03 AKB

Efni: Svar við fyrirspurn um kynjahlutföll nefnda og ráða

Undirrituð tók saman kynjahlutföll nefnda og ráða bæjarstjórnar Kópavogs eins og staðan er í nóvember 2022 vegna fyrirspurnar bæjarfulltrúa Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur, dags. 24. nóvember 2022. Spurt er hvort allar nefndir og ráð bæjarstjórnar Kópavogs uppfylli skilyrði um kynjahlutföll sem kveðið er á um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Samkvæmt 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 skal við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga gæta að því að hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Samkvæmt frumvarpi því er að varð að lögunum á ákvæðið bæði við um aðal- og varamenn og samkvæmt skýrslu Jafnréttisstofu um nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðneytanna árið 2021¹ á það við um hverja nefnd fyrir sig.

Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt, skal tilnefningaraðili þá skúra ástæður þess, sbr. 2. mgr. 28. gr. laganna. Jafnréttisstofa leggur á mat á hvort undanþáguheimildin eigi við.

Nefnd	Aðal		Vara		Heild	Konur	Karlar
	Kona	Karl	Kona	Karl			
Bæjarstjórn	7	4	4	7	22	50,0%	50,0%
Bæjarráð	3	2	2	3	10	50,0%	50,0%
Forsætisnefnd	2	1	1	2	6	50,0%	50,0%
Hafnarstjórn	1	4	0	5	10	10,0%	90,0%
Íþróttaráð	3	2	1	4	10	40,0%	60,0%
Jafnréttis- og mannréttindaráð	4	1	5	0	10	90,0%	10,0%
Lista- og menningararáð	3	2	4	1	10	70,0%	30,0%
Leikskólanefnd	2	3	3	2	10	50,0%	50,0%
Menntaráð	4	3	3	4	14	50,0%	50,0%
Skipulagsráð	3	4	1	6	14	28,6%	71,4%
Umhverfis- og samgöngunefnd	1	4	2	3	10	30,0%	70,0%
Velferðarráð	4	3	4	3	14	57,1%	42,9%
Heild:	37	33	30	40	140	47,9%	52,1%



Af þessu má sjá að hlutfall kynja í heild í nefndum og ráðum á vegum Kópavogsbæjar er nánast jafnt, 47,9% nefndarfulltrúa eru konur og 52,1% karlar. Engin fulltrúi er með kynhlutlausa skráningu. Flestar nefndir eru með jafnt kynjahlutfall innanborðs en nokkrar skera sig úr: hafnarstjórn, jafnréttis- og mannréttindaráð, skipulagsráð, þegar litið er til aðal og varamanna saman en stenst kröfur þegar einungis aðalmenn eru taldir, og umhverfis- og samgöngunefnd.

Virðingarfyllst,


Auður Kolbrá Birgisdóttir
Lögfræðingur velferðarsviðs

ⁱ [skýrsla-jafnréttisstofu-um-nefndir-rad-og-stjornir-a-vegum-raduneytanna-arid-2021.pdf](#)